

Sp.

71. Tillaga til þingsályktunar

[53. mál]

um byggingu Consol-radióvita.

Fhm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram ýtarlega athugun á því, hvort bygging Consol-radióvita á Íslandi mundi ekki ágætlega til þess fallin að auðvelda siglingar við landið og hvort bygging slíks vita gæti ekki með skjótustum hætti fyllt í eyður þær, sem enn eru í vitakerfi landsins.

Greinargerð.

Consol-stöðvar eru sérstök gerð af radió-vitum, sem senda stöðugt út mismunandi hljóðmerki. Þessi hljóðmerki má greina með venjulegum útvarpsmóttakara og telja saman tegundir þeirra í hverri útsendingu, en niðurstaðan af því sýnir afstöðu farartækisins til stöðvarinnar, þannig að hver einstök talningarútkoma bendir til ákveðinnar staðarákvörðunarlinu á þar til gerðum landabréfum (sjúkortum). Þjóðverjar fundu upp þessa staðarákvörðunaraðferð í síðustu heimsstyrjöld, og gerði hún flugvélum þeirra og kafbátum kleift að vita, hvar þau væru stödd, þó að fjarri væri heimalandinu og slökkt væri á ljósvitum og þaggað niður í radióvitum á því svæði, sem um var farið, — með því einu að hafa venjulegan útvarpsmóttakara og hlusta með honum á Consol-vita, er þeir höfðu reist í Þýzkalandi og enn fremur í Norður-Noregi. Staðarákvarðanir með Consol-radióvita eru taldar nákvæmar og tryggar í að minnsta kosti 1500 mílna fjarlægð á sjó og í 1000 mílna fjarlægð á landi, eða svo langt sem hægt er með góðu móti að greina merki stöðvarinnar.

Að stríðinu loknu eyðilögðu Bandamenn þýzku Consol-stöðvarnar, nema stöðina við Stavanger í Noregi, en Bretar hafa í staðinn reist eina slíka stöð í Norður-Írlandi. Segir Henry Hálfánarson loftskemtamaður, sem ritað hefur grein um þetta í sjómannablaðið *Víking*, septemberhefti þ. á., sem þessar upplýsingar eru einkum teknar úr, að þessar stöðvar báðar nægi til staðarákvörðunar um allan Norðursjó, langt vestur í haf og upp undir Ísland, en til þess að hægt sé að nota þessa aðferð til staðarákvarðana hér á landi og á hafsvæðunum umhverfis landið, þurfi að reisa eina slíka stöð hér á landi, og geti þá öll íslensk skip án frekari tækja en þegar eru til í þeim notfært sér þessar tilgreindu Consol-radióstöðvar til að ákveða stað sinn, hvar sem er við strendur landsins og á siglingaleiðum héðan til Bretlands og meginlands Evrópu.

Samkvæmt upplýsingum, sem gefnar voru á alþjóðaráðstefnu um þessi mál í London árið 1946, er talið, að kostnaður við að reisa fullkomna Consol-radióstöð þurfi ekki að fara fram úr 15—20 þús. sterlingspundum — þ. e. 400—500 þús. ísl. krónum — og er þá reiknað með algerlega tvöföldum tækjum í stöðina til tryggingar því, að útsendingar stöðvist ekki, þó að bilun verði á tækjunum.

Rekstrarkostnaður Consol-radióstöðva er talinn vera sáralítill borið saman við sendistöðvar annarra langmiðunartækja. Stjórn tækjanna er að mestu sjálfvirk, og þarf ekki nema einn mann í senn til þess að gæta þeirra.

Ég tel þetta mál svo merkilegt, að ekki megi hjá líða að rannsaka það sem ýtarlegast, svo fljótt sem verða má, því að líkur benda til, að með því að hagnýta þessa aðferð megi með tiltölulega litlum kostnaði og á mjög skömmum tíma fylla upp í þær eyður, sem enn eru í vitakerfi landsins, og gera siglingar og sjósókn íslenskra skipa miklum mun áhættuminni en þær nú eru. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.